

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Dags. 26. janúar 2018  
Mnr. 2017090026



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Rammasamningar

Í tölvupósti Telmu Halldórsdóttur, lögfræðings hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, dags. 7. desember sl., kom fram að Ríkiskaup vildu mæta óánægju sveitarfélaga með nýja gjaldskrá Ríkiskaupa með því að gjaldtakan miðist við notkun og reikningar lækkaðir í samræmi við það.

Ársvelta viðskipta Ísafjarðarbæjar við Ríkiskaup árið 2016 var um 32 milljónir króna og er hið nýja aðildargjald fundið út frá því, þ.e.a.s. kr. 560.000,-. Rammasamningarnir eru nú með þeim hætti að ef sveitarfélag er aðili af rammasamningnum þá er sveitarfélaginu skylt að versla samkvæmt honum nema í undantekningartilvikum.

Umhverfi opinberra innkaupa og rammasamningakerfið hefur breyst mikið undanfarið í kjölfar breyttra áherslna og nýrra laga um opinber innkaup. Áhersla er á að fækka birgjum, semja við forgangsbirgja og ná þannig betri kjörum. Samkvæmt bréfi Rammasamninga frá júlí 2017 tryggðu sameiginleg innkaup á tölvum 55% afslátt af listaverði og 40% afslátt miðað við rammasamningskjör og sameiginleg innkaup á ljósritunarpappír tryggðu 50% afslátt af listaverði og 35% hagstæðari kjör en lágmarksafsláttur í rammasamningi.

Ein helsta ástæða þess að Ísafjarðarbær hefur ekki, þá einna helst möguleika Ísafjarðarbæjar til að nálgast birgja í sveitarfélaginu eða nágrenni, bæði m.t.t. viðbragðstíma og til að tryggja innviði í sveitarfélaginu. Sama sjónarmið kom fram í minnispunktum af fundi tengiliðahóps Sambands íslenskra sveitarfélaga um opinber innkaup, dags. 10. október 2017. Þann 24. nóvember 2017 hélt tengiliðahópur um opinber innkaup fund með Ríkiskaupum um rammasamningana þar kom m.a. fram að sveitarfélögin köllu eftir meira samráði við sveitarfélögin og að þau vildu láta fleiri keppa um rammasamninga þar sem það skipti máli varðandi sveitarfélög út á landi til að geta valið úr t.d. birgja sem er nálægt. Á fundinum var kallað eftir hugmyndum um hvernig hægt væri að leysa þessi mál til frambúðar og að fullur vilji væri til að vinna með og fyrir sveitarfélögin. Beðið er eftir tillögum frá Ríkiskaupum í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga.

Undirrituð leggur til við bæjarráð Ísafjarðarbæjar bíða með að gerast aðilar að rammasamningi Ríkiskaupa þar til búið er að taka á framangreindum atriðum í samskipum tengiliðahóps um opinber innkaup og Ríkiskaupa.